

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 131/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/290 frá 4. október 2024 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 19. febrúar 2024 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 ⁽²⁾, gildir framseld tilskipun (ESB) 2025/290 ekki gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 3q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32025 L 0290**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/290 frá 4. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2025/290, 21.2.2025).“

2. gr.

Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2025/290, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/290, 21.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir_del/2025/290/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 318, 28.11.2013, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING